

Tæknilýsing

Termix VMTD-Q Tengigrind fyrir varmaskipt neysluvatn og með þrýstijöfnun fyrir hitakerfi

Sérstaklega hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður

Notkun

Víða á Íslandi eru uppleyst efni í hitaveituvatinu sem notað er til hitunar eða neyslu. Þessi efni geta valdið útfellingum í lögnum og stjórnbúnaði. Yfirleitt eru þessi efni talin skaðlaus, en með tímanum fara þau að hafa áhrif á stjórnbúnað hitakerfa og trufla þannig virkni stjórnbúnaðarins. Hægt er að komast hjá þessu með því að nota varmaskipti sem notar "óhreina" hitaveituvatnið til þess að hita upp hreint ferskvatn til upphitunar fyrir neysluvatn. Grindin gerir kleift að stjórna hitastigi neysluvatnsins þannig að brunahætta minnkar verulega á svæðum þar sem hitaveituvatnið er hættulega heitt.

VMTD-Q tengigrindin er með einum varmaskipti til notkunar fyrir neysluvatn, og AVP DN 15 kvs 1,6 þrýstijafnara.

Búnaður

VMTD-Q tengigrindin er með varmaskipti fyrir neysluvatn, og AVTQ stjórnloka sem er flæði- og hitastýrður, þannig að auðvelt er að stjórna hitastigi á framrás neysluvatnsins. Grindin er einnig búin AVP DN 15 Kvs 1,6 m³/klst þrýstijafnara til þrýstijöfnunar á hitakerfi hússins.

Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar gerðir af tengigrindum, t.d. grindur sem eru aðeins fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun, sem og grindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.

Efni

Öll rör og plötur í varmaskipti VMTD-Q tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar rörtengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðabættingum.

Þá er einnig hægt að fá snyrtilegan skáp úr hvítlökkuðu blikki til þess að hylja grindina á veggnum (sjá mynd).


VMTD-Q tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.

HELSTU EIGINLEIKAR

- Minni tæringarhætta
- Minni hætta á brunaslysum
- Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður
- Vönduð vara úr ryðfríu efni
- Hentar jafnt sumar-, atvinnu-, og íbúðarhúsum



Tengimynd - dæmi



Tæknilýsing

Vinnubrýstingur	PN 16
Hitastig veituvatns	$T_{max} = 120\text{ }^{\circ}\text{C}$
Lóðefni í varmaskipti	Kopar
Þyngd með hlíf	24 kg með umbúðum
Mál án hlífar	H 750 x B 500 x D 360 mm
Mál með hlíf	H 800 x B 540 x D 430 mm
Efni í hlíf	Hvítlakkað blikk
Hitastillir	AVTQ DN 20 Kvs 3,2
Varmaskiptir í VMTD-Q	XB24-H 32
Þrýstijafnari	AVP DN 15 Kvs 1,6
Vörunúmer	IS99367003

Tengingar

(1) Hitaveita framrás	20 mm hlaupró
(2) Hitaveita bakrás	20 mm hlaupró
(3) Hitakerfi framrás	20 mm hlaupró
(4) Hitakerfi bakrás	20 mm hlaupró
(5) Framrás neysluvatns	20 mm hlaupró
(6) Kalt neysluvatn	20 mm hlaupró

Málsetning á tengingum séð ofan frá



Málsetning á tengingum séð ofan frá